

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu um 2 milljörðum króna í nóvember, en þar af voru tæpir 1,9 milljarðar króna vegna almennra lána. Samtals námu útlán á fyrstu 11 mánuðum ársins 2010 tæpum 25 milljörðum króna samanborið við rúmlega 28,5 milljarða á sama tímabili ársins 2009. Meðalútlán almennra lána voru um 8,3 milljónir króna í nóvember en um 9,6 milljónir í október síðastliðnum.

Stjórn Íbúðalánasjóðs réð Sigurð Erlingsson framkvæmdastjóra sjóðsins í nóvember. Sigurður er viðskiptafræðingur af endurskoðunarviði frá Andrews University í Bandaríkjunum (1994), löggiltur verðbréfamíðari (1998), M.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands með áherslu á fjármál (2003) og MBA frá Háskólanum í Reykjavík (2010). Sigurður starfaði hjá Landsbanka Íslands hf. 2000-2008, fyrst sem sérfræðingur í greiningardeild og síðar sem forstöðumaður á alþjóðasviði bankans. Frá 2008 starfaði hann sem verkefnastjóri og sérfræðingur í fjárhagslegri endurskipulagningu stærri fyrirtækja hjá NBI hf. Áður en Sigurður hóf störf hjá Landsbankanum starfaði hann sem millistjórnandi á fjármálasviðum nokkurra fyrirtækja. Sigurður hefur verið stundakennari í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Stjórnendaskóla HR frá 2001.


Stjórn Íbúðalánasjóðs samþykkti 5. nóvember sl. breytingar á aðalmiðlarasamningnum sem var undirritaður 16. júní 2010 og tók gildi 1. júlí 2010, með þeim hætti að hámarksmunur kaup- og sölutilboða verði í flokki HFF24 0,50%, HFF34 0,65% og HFF44 0,80% og gildir þessi breyting út samningstímann. Með breytingunni var hámarksmunur kaup- og sölutilboða fyrir íbúðabréf aukinn, og var hún gerð til að auðvelta viðskiptavökum að sinna viðskiptavakt með íbúðabréf.

Þann 15. nóvember hélt Íbúðalánasjóður sjötta útböð íbúðabréfa á árinu 2010. Alls bárust tilboð fyrir 8,29 milljarða kr. að nafnverði og ákveðið var að taka tilboðum samtals að nafnverði 5,295 milljarðar króna. Í HFF24 var tekið tilboðum fyrir 1,270 milljarða króna að nafnverði á meðalávöxtunarkröfunni 3,11% án þóknunar, 1,615 milljarða króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 3,34% án þóknunar og 2,410 milljarða króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfunni 3,39% án þóknunar. Vegin heildarávöxtunarkrafa tekinna tilboða án þóknunar var 3,31% og 3,33% með þóknun. Útlánavextir sjóðsins héldust óbreyttir í kjölfar útböðsins og eru sem áður 4,50% með uppgreiðsluákvæði og 5,00% án uppgreiðsluákvæðis.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 119,5 milljörðum króna í nóvember samanborið við um 70 milljarða í október. Það sem af er ári hefur heildarvelta íbúðabréfa numið rúmum 828 milljörðum króna miðað við um 864 milljarða á sama tímabili í fyrra.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu um 3,4 milljörðum króna í nóvember, en þær voru að mestu vegna aukaútdráttar húsbrefa. Uppgreiðslur lána Íbúðalánasjóðs í nóvember námu um 2,3 milljörðum króna.

Vextir Íbúðalánasjóðs 2006-2010



Útböð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2010

Í milljörðum króna	Áætlun Q4	Raun Q4	Áætlun 2010	Raun jan-nóv. 2010
Útgáfa íbúðabréfa	11 - 13	5,3	42 - 50	40,1
Samtals ný útlán ÍLS	7 - 9	4,5	25 - 33	24,9
Greiðslur ÍLS	16 - 18	10,9	65 - 73	68,3


Tölur í milljörðum króna

Endurskoðuð áætlun 2010

Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2010
Útgáfa íbúðabréfa	9 - 11	12 - 14	10 - 12	11 - 13	42 - 50
Ný útlán ÍLS	5 - 7	6 - 8	7 - 9	7 - 9	25 - 33
Greiðslur ÍLS	15-17	20 - 22	14 - 16	16-18	65 - 73

Tölur í milljörðum króna


Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	Okt. 2010	Nóv. 2010	Des. 2010	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	1,94%	1,70%	2,52%	2,1	70,7	31,4
HFF24	3,31%	3,30%	3,09%	6,3	162,3	122,1
HFF34	3,20%	3,49%	3,33%	10,4	170,1	147,5
HFF44	3,21%	3,46%	3,37%	13,7	259,1	240,1

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok nóvember '10. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24, 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útböð íbúðabréfa

